



MYNDVER GRUNNSKÓLANNA



UPPHAF

Myndver grunnskóla Reykjavíkur á upphaf sitt að rekja til ársins 1996 og var ætlunin að skapa vettvang fyrir nemendur og kennara grunnskólanna til að vinna skapandi starf með ljós- og kvikmyndir.

Boðið var upp á verkefni fyrir ákveðna árganga, svo sem gerð sjónvarpsþáttar með bókagagnrýni fyrir 5. bekk, ljósmynda- og ljóðagerð fyrir 7. bekk og gerð fréttapátta fyrir 8. til 10. bekk.

Í Myndverinu var ennfremur aðstaða til þáttagerða og fræðslufunda. Þar var einnig ljósmynda- og myndbandasafn sem kennarar grunnskóla Reykjavíkur gátu nýtt sér. Þá lánaði Myndverioð tæki til grunnskólanna og bauð þeim upp á aðstoð vegna sérstakra verkefna.

DAGURINN Í DAG

Myndver grunnskólanna er nú hluti af Skóla- og frístundarsviði Reykjavíkur og er staðsett í Háaleitisskóla Stóragerði í Reykjavík. Hugmyndafræðin að baki Myndverinu er að mörgu leyti sú sama og við stofnun en mikill munur er á tækni, miðlarnir eru fleiri og frásagnarleiðirnar fjölbreyttari. Afleiðingin er að aukin áhersla hefur verið lögð á upplýsingatækni og margmiðlun.

Helstu verkefni eru bókakynning fyrir 6. bekk, endurmenntun kennara og gerð fræðslu- og heimildaefnis fyrir Skóla- og frístundarsvið. Jafnframt heldur Myndverioð kvikmyndahátíð grunnskólanna, Töku, ásamt því að lána tæki til margmiðlunar til grunnskóla Reykjavíkur.



MARGMIÐLUN

Margmiðlun nefnist það þegar tveir eða fleiri miðlar eru notaðir samtímis til að koma efni á framfæri. Þessir miðlar geta verið hljóð, myndir, kvikmyndir, texti, tónlist, gróf eða annað slíkt.

Oftast þegar rætt er um margmiðlun er átt við margmiðlun í tölvum. Hún felur í sér getu tölva til að samþætta ofangreinda miðla í eina heild, sem getur til dæmis verið tölvuleikur, myndband, teiknimynd, auglýsing eða annars konar kynning á efni, svo sem fræðsluefni. Gagnvirkni leikur líka mikilvægt hlutverk í margmiðlun.





HELSTU VERKEFNI

Fjöldmörg endurmenntunamámskeið eru haldin ár hvert á vegum Myndversins, þá ýmist á vegum gestakennara eða starfsmanna Myndversins.

Meðal annars hafa verið haldin námskeið í kvikmyndalæsi, handritagerð, hreyfimyndagerð, kvikmyndtöku, ljósmyndun, Adobe Illustrator, Adobe Premier, Adobe InDesign, iPad Stop Motion og Moviemaker.

Myndverið býr yfir miklum fjölda tækja til miðlunar. Kennarar í Reykjavík hafa aðgang að þeim tækjum, það er til notkunar í skólastarfi. Sem dæmi um búnað má nefna upptökuvélar, fartölvur, ljósmyndavélar og diktafóna.

Starfsfólk Myndversins er þar fyrir utan tilbúið til að koma í viðkomandi skóla og aðstoða kennara og nemendur þarf þess með.

Verkefni Myndversins eru fjölbreytt og mörg, en meginmarkmið er og verður sköpun. Myndverið er hugsað sem vettvangur fyrir nemendur og kennara til að skapa, það er að örva og styrkja sköpun með aðferðum tækninnar.

Verkefnin eru öll miðuð út frá því að nýta tæknina til miðlunar á skapandi hátt því þannig verður tæknin jafn sjálfsagður þáttur í námi og blað og blýantur.

Tjáning og sköpun með tækni, nám og tækni og menntun með tækni eru þættir sem er mikilvægt er að efla og þroska með þeim sem nema í dag.

Ýmsar kvikmyndahátíðir eru haldnar á vegum Myndversins eða með stuðningi þess. Tvær hátíðir ber þar hæst. Annars vegar er það ein elsta kvikmyndahátíð landsins, það er kvikmyndahátíð grunnskólanna Taka og hins vegar stuttmyndahátíð 9. bekkinga Augað (sjá nánar á augad.grunnskolar.is).





Sum verkefni sem starfsmenn Myndversins sinna eru ekki sýnileg hinum almenna kennara. Sem dæmi starfa starfsmenn Myndversins náið með starfsmönnum Skóla- og fristundarsviðs og eru þar ráðgefandi varðandi tækjakaup og uppbyggingu upplýsinga- og tæknimenntar í grunnskólum Reykjavíkur. Starfsmenn versins koma einnig að ýmsum þróunarverkefnum, þeir skrásetja ráðstefnur og viðburði og birta á vefmiðlum (myndbönd) og svo framvegis.

Verkefni Myndversins er því fjölmörg og þau breytast í takt við þær þarfir sem ríkja hverju sinni.

Fjöl margar fræðslu- og heimildarmyndir er varða skólastarf hafa verið unnar af starfsmönnum Myndversins. Sem dæmi má nefna myndbönd er sýna starf í grunnskólum Reykjavíkur, kennslumyndbönd er varða notkun margmiðlunar í grunnskólum og svo heimildarmyndir um áhugavert skólastarf innanlands sem utan.

Innleiðing nýrrar tækni er starfsmönnum Myndversins hugleikin. Mikil áhersla er lögð á að starfsmenn séu vel að sér og fylgist með nýjustu straumum og stefnum. Mikil áhersla er þar af leiðandi lögð á endurmenntun starfsmanna og er hún stór hluti af daglegu starfi.

Meðal nýrra viðfangsefna er spegluð kennsla, iPad í námi og kennslu, vefhönnun og svo framvegis.





FRAMTÍÐARSÝN

Ljóst er að skólastarf framtíðarinnar mun að stórum hluta byggja á margmiðlun. Þar af leiðandi er mikilvægt fyrir kennara og nemendur að búa að öflugu Myndveri, það er að sérhæfðum starfsmönnum, góðri aðstöðu og framúrskarandi tækjakosti.



Framtíð Myndversins felst því í þrennu. Í fyrsta lagi í yfirgripsmikilli þekkingu starfsmanna versins á sviði upplýsingatækni, í öðru lagi í tækjakosti sem jafnast á við það besta hverju sinni og í þriðja lagi í góðri aðstöðu (samanber mynd- og hljóðveri) sem gerir kennurum og nemendum kleift að skapa og miðla með fjölbreyttum hætti. Þannig er hægt, með fjölbreyttum og einstaklingsmiðuðum hætti, að styðja vel við þá kennara sem vilja nýta sér möguleika tækninnar til miðlunar, það er til náms og kennslu.



Starfsmenn Myndversins hafa mikinn metnað og vilja efla skólastarf í Reykjavík eins og kostur er. Möguleikarnir eru óendanlegir en til þess þarf samstarf. Til þess þarf vilja, metnað og meðvitund þeirra sem að skólastarfi koma.

Starfsmenn Myndversins vona að þú nýtir þér starfsemi versins því staðreyndin er að Myndverið er til fyrir þig.

Framtíð Myndversins felst því ekki síst í þér, það er að þú nýtir þér það sem er í boði og miðlir því áfram.







MYNDVER.GRUNNSKOLAR.IS
HÁALEITISSKÓLI V/STÓRAGERÐI
108 REYKJAVÍK
SÍMI: 411-7080
MYNDVER.GRUNNSKOLA@REYKJAVIK.IS